

Akureyri 7. febrúar 2018

Sviðsstjóri fræðslusviðs Soffía Vagnsdóttir
Forstöðumaður rekstrardeildar Árni K. Bjarnason

Eftir mikla yfirlegu, ígrundun og skráningu verkefna óskar Brekkuskóli formlega eftir að fá að ráða verkefnastjóra í 70-90% stöðu. Með tilkomu verkefnastjóra munu ákveðin verkefni færast frá stjórnendum yfir til hans.


Kröfur á skólann hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár með tilkomu skóla án aðgreiningar. Nemendum með fjölbættan vanda fjölgar og tekur æ meiri tíma og orku frá starfsfólki skólans. Úrræði fyrir þessa nemendur eru af skornum skammti og oft á tíðum þarf að bíða mánuðum eða árum eftir viðbrögðum. Margvísleg og mörg verkefni hafa bæst við sem skólinn á að sinna og krefjast mikils undirbúnings og úrvinnslu, t.a.m. ýmiskonar rannsóknir og kannanir sem og kerfi eins og heimasíða, nýr Mentor, Skólagátt og Vinnustund. Krafa er á skóla um að stefna til framtíðar og horfa til 21. aldarinnar.

Allt þetta gerir það að verkum að þörf er á að ráða verkefnastjóra til að Brekkuskóli geti sinnt betur sínu hlutverki af fagmennsku. Síðast en ekki síst hefur fjölgun nemenda í Brekkuskóla sér í lagi nemenda sem eru með annað tungumál en íslensku og heimfluttir Íslendingar aukið enn á það álag sem er á kennurum, sérkennurum, námsráðgjafa og stjórnendum skólans. Með fjölgun nemenda eru fleiri verkefni sem þarf að sinna og þrengsli aukast í húsinu. Við sjáum fram á að næsta veturna mun hluti af rými Frístundar verða nýtt sem kennslustofa.

Síðustu misseri hefur komið betur og betur í ljós að þrjár stjórnunarstöður duga ekki til að sinna þeim verkefnum sem liggja fyrir. Óánægja kennara hefur aukist og kemur það m.a. fram í starfsþróunarsamtölum og bókun 1 að stjórnendur eru ekki nægjanlega sýnilegir, hafa takmarkaðan tíma til umræðna og ígrundunar. „Við sjáum ykkur bara hlaupa“ er setning sem heyrst hefur í nokkrum starfsþróunarsamtölum nú í janúar.

Allt ofantalið og krafan um skólastjórn sem faglegan leiðtoga gerir það að verkum að óraunhæft er að halda áfram á sömu braut og því er faglega mikilvægt að fá verkefnastjóra til starfa til að skólinn geti betur stefnt á 21. öldina.

Með vinsemdu,


Stella Gústafsdóttir
Skólastjóri Brekkuskóla

